

AFSTÖÐUMYND mkv. 1:500

SORP SÉ Í LOKUÐUM STÁLGÁM
AFSKERMAÐ FRÁ HÚSI

BYGGINGALÝSING
Bygging: Rauðhella 2, Hafnarfirði

Húsið er byggt sem verksmiðju og lagerhúsnæði. Húsið er stálgrindarhús með steyptri botnplötu og steyptu gólfi undir 2. hæð í norðurenda.
Húsið er klætt að utan með litaðurm vöðuðurm stálplöfulum.
Innra skipulag hússins er að á 1. hæð er lagerhúsnæði fyrir stál og með aðstöðu fyrir minniháttar vinnslu stáls, aðallega sögun og skurð bita. Einnig fer fram minniháttar suðuvinna.
Eins er starfsmannaaðstaða á fyrstu hæð. Á 2. hæð eru skrifstofur.

BYGGINGAR OG EFNISLÝSING:

Útveggir:
Útveggir eru byggðir upp úr PIR samlokueiningum festum á Z-leiðara í stálburðarvirki hússins. Samlokueiningarnar eru í flokki B-s3, d0.
Samlokueiningarnar eru frá Arcelor Grnbh af gerðinni Ondatherme 1001TS.
Hið sama á við um viðbygginguna.

Þak:
Burðarvirki úr berandi Z-leiðurum er fest ofan á stálburðarvirki hússins.
Þak er klætt samlokueiningum ofan á Z-leiðarana. Samlokueiningarnar eru í flokki B-s3, d0 og eru með PIR einangrun og eru frá Arcelor Gmbh af gerðinni Ondatherme 1001TS. Hið sama á við um viðbygginguna.

Gluggar:
Gluggar eru af gerðinni tré-ál með tvöföldu einangrunargleri.

Hurðir:
Allar útihurðir (gönguhurðir) eru úr málmi.
Vörumóttökuhurðir eru vandaðar rafdrifnar iðnaðarhurðir úr stáli með polyurethan einangrunarkjarna.

Gólf:
Gólf er staðsteypt á fyllingu.

Milligólf:er úr stáli og steypu. Stál er ekldvarið.
Klæðning undir lofti er í flokki 1.

Stigar:eru úr stáli með léttum handriðum úr stáli.
Feilistigar eru utan við björgunarop á 2. hæð.

Innveggir:
Innveggir eru úr stálstoðum, fylltir steinullareinangrun og klæddir tvöföldu gipsi beggja vegna. Lagermeginn eru veggir klæddir stálplötum. Þessar klæðningar eru í flokki 1.

Upphitun:
Húsið er hitað upp með hitablásurum og ofnum.
Loftræsing:
Öll gluggalaus rými eru loftræst með vélrænni loftræsingu.

Kólnunartölur U-gildi (W/m²°K) byggingahluta:
Botnplata starfsmannaaðstöðu U=0.3W/m²°K (Ti>=18°C)
Botnplata lagers og verkstæðishluta U=0.4W/m²°K (18°C>Ti>=10°C)
Þak starfsmannaaðstöðu U=0.2W/m²°K (Ti>=18°C)
Þak lagers og verkstæðishluta U=0.3W/m²°K (18°C>Ti>=10°C)
Útveggir starfsmannaaðstöðu U=0.3W/m²°K (Ti>=18°C)
Útveggir lagers og verkstæðishluta U=0.4W/m²°K (18°C>Ti>=10°C)
Vegið meðaltal útveggja, glugga og hurða í starfsmannaaðstöðu U=0.85W/m²°K (18°C>Ti>=10°C)

SKIPULAG LÓÐAR:
Lega byggingar og bílastæða er í samræmi við skipulag lóðar. Bílastæði eru fleiri á lóð en krafið er um í deiliskipulagi.
Stígar og aðkomuvegir tengjast aðliggjandi stígum og vegum og er engin breyting frá núverandi tengingum.
Sorpi er komið fyrir við norðvesturhlutu húss og tilfallandi í gámum á lóð.

Aðgengi fatlaðra er tryggt að byggingunni.

Aðgengi að innkaksrýmum veitustofnanna er inn af lagerhúsnæði

Niðurstöður brunavarna

Rauðhella 2 er þegar samþykkt stálgrindarhús, 1.985 m² að grunnfleti, með hallandi þaki. Byggingin er tvær hæðir í norður enda. Efri hæðin er 120,6 m².
Sótt er um að byggja 520 m² viðbyggingu við vesturhlið. Starfsemin er stálvörulager.
Eldri byggingin var brunahönnuð skv. eldri byggingarreglugerð. Nú er unnið skv. gildandi reglugerð 112/2012 með sömu tíma breytingum. Starfsemimni fylgir ekki náktil eldhætta.
Brunahönnuninni fylgir ekki skýrsla.

Starfsemi og notkunarflokkar

Starfsemin er lager fyrir stálvarning/byggingarefni. Starfsemin flokkast undir notkunarflokk 1 (fólksfjöldi er innan við 10 manns). Viðbyggingin verður eingöngu stállager.

Brunahólfun, burðarvirki

Eldri byggingin er eitt meginbrunahólf sem skiptist í þrjú brunahólf: lager, smáverkstæði og starfsmannaaðstöðu. Viðbyggingin verður ekki sér brunahólf heldur byggist utan á núverandi byggingu og lítið brunaálag í byggingunni. Veggurinn á milli þeirra verður ekki brunahólfandi þó hann verði að einhverju magni reykhólfandi. Skv. fyrri brunahönnun er brunaálag í byggunni <400 MJ/m² og starfsemin óbreytt. Vörur koma almennt umbúðalausar erlendis frá og eru geymdar á stálbitum og plötum í lagernum.

Burðarvirki þaks og útveggja viðbyggingar verður óeinangrað stálvirki en útveggir og þak verða með samlokueiningum sem eru í flokki B-s3,d0 prófað skv. EN 13501-1.
Burðargeta þaks og útveggja er tryggð lágu brunaálagi og auðbrennanlegum ofanljósum í þaki. Milligólf er REI60 og súlur og bitar eru sem bera það eru R60. Því er náð með steinull og gifsi.

Sérstakar hættur

Rafmagnstafla er við stiga og inntök við útvegg.
Gaskútar á hjólavögnum eru notaðir við starfsemina en þeir eru geymdir við vöruhurð(ir) utan vinnutíma og geymslustaðar fyrir þá er merktur utan á hurðum.
Olíukaninn lyftari er notaður við starfsemina og því ekki eldhætta samhliða rafmagnshleðslu.

Klæðningar

Klæðningar þaks og veggja skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 13501-1.
Klæðningar þaks og veggja viðbyggingar verða samlokueiningar í flokki B-s3, d0.
Aðrar klæðningar skulu vera í flokki 1. Gólfefni eru í flokki G (steypa).
Þaklæðningar eru a.m.k. í flokki T (þ.e. B_{ROOF} (t2).

Flóttaleiðir/fólksfjöldi

Frá núverandi iðnaðarbyggingu er sex gönguhurðir, tvær fyrir miðju og fjórar til endanna. Lengsta flóttaleiðin er 25 m sem sem er innan leyfilegra marka (<30m). Frá skrifstofuhluta eru tvær flóttaleiðir.
Frá viðbyggingu verða þrjár flóttaleiðir, allar innan leyfilegra marka.

Brunaviðvörun

Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi hannað skv. reglum MVS er sett í húsnæðið skv. grein 9.4.2 í byggingarreglugerð og ÍST EN 54. Handboðar eru við útganga, brunabjöllur skv. reglum og reykskynjarar á völdum stöðum.
Stjórntafla kerfis er í anddyri starfsmannainnangs. Kerfið er tengt stjórnstöð Securitas.

Loftræsing/Reyklosun

Loftræsing stöðvast við brunaboð frá loftinntaki.

HELSTU STÆRÐIR ERU:

1. hæð 1.872,6m²	Þar af stækkun 520,8m²
2. hæð 114,1m²	Þar af stækkun 0,0m²
Heildarflatarmál 1.984,3m²	Þar af stækkun 520,8m²
Heildarrúmmál 14.820,0m³	Þar af stækkun 3.559,6m³

Stærð lóðar er 3.857,1m²
Nýtingarhlutfall er 0,51

Bílastæðabókhald:

Atvinnulóð:	1.984,3/100=19,8 bílastæði
Bílastæði skv. m²	19,8 bílastæði
Bílastæði á lóð	22 bílastæði

Þar af tvö fyrir hreyflhamlaða, sem gerir 1 bílastæði per 91,4m²

Húsið er upphaflega teiknað af Kristni Ragnarssyni arkitekt og er stuðst við upphaflegar teikningar hans

Samþykkt þann
27. mars 2018
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Reyklosun rýmis 0101 er 3,5 %. Reyklosun eldri byggingarinnar er um fimm ofanljós með auðbrennanlegu plasti í mæni. Hver gluggi er u.þ.b. 8,0 m². Samtals eftir gerir það u.þ.b. 40 m² sem samsvarar □3,5% gólflatar auk vöruhurða sem eru fjórar, hver u.þ.b. 28 m².
Reyklosun rýmis 0102 verður einnig 3,5 %, en sú tala er ekki ákveðin út frá brunaálagi þar sem það er lítið og meira atriði að kanna hvort mögulegur eldur nær að bræða plastið.
Viðbyggingin verður með 4 x 6,4 m² eða 25,6 m² reyklosun úr auðbrennanlegu plasti sem dropar ekki (s.s. polycarbonat) með rétt rúmlega 200°C bræðslumarki. Mesta hæð í við byggingunni er tæpir 7 m. Ofanljósin skulu staðsett með neðri brún fyrir miðri viðbyggingu. Miðað við 5MW eld (sem er hefðbundin viðmiðun fyrir minni elda) verður hitastigið í 6 m hæð svipað bráðnunarhitastigi plastins en auk þess nýtist vöruhurðin (ca. 26 m²) líka til reyklosunar.

Slökkvibúnaður

Brunaslöngur skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 671-1. Þær skulu ana a.m.k. 20 l/mín vatnsrennsli og 9 m kastlengd þar sem brunaálag í byggingunni er lítið (<400 MV/min). Brunaslöngur skulu ná út í öll horn byggingarinnar. Í viðbyggingunni verða tvær brunaslöngur og sama gildir um þær.
Slökkvitæki skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 3. Slökkvitæki skulu vera a.m.k. eitt við hverja útgönguleiðbrunaslöngu. Hvergi skal vera lengra en 25 m í næsta slökkvitæki. Slökkvitæki skulu valin í samræmi við starfsemi á hverjum stað. Brunavarnabúnaður skal hengdur upp og merktur greinilega.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður í byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum og gönguleiðum. Lýsing þarf að vera utan við útidyr flóttaleiða.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnabúnaði húsnæðisins (s.s. fyrir slökkvitæki, út- og neyðarlýsingu og brunaviðvörunarkerfi.)
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Rauðhellu 2.

2



MÁLSETNING LÓÐAR RAUÐHELLU 2 VIÐ HORN

SÓTT ER UM LEYFI TIL STÆKKUNAR RAUÐHELLU 2 Í HAFNARFIRÐI
STÆKKUN NEMUR 520.8 m² OG 3,559.6m³

27.03.2018
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETT	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETT	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ

VERKFRÆÐISTOFAN möndull
SVEINBJÖRN JÓNSSON
Byggingaverkfræðingur
Birkihlíð 8, 105 Reykjavík
Sími 568-8255, kt. 591184-1139

TEIKNAÐ SVBJ
HANNAÐ SVBJ
YFIRFARIÐ
DAGSETT OKT17
VERKNÚMER 2228

VERKHEITI: RAUÐHELLA 2, HAFNARFJÖRÐUR
EFNI: AÐALTEIKNINGAR
VERKN. VERKKAUPA: 2228
TEGUND: AFSTÖÐUMYND, SKÝRINGAR
BLAÐSTÆRÐ: A1
ÁÐUR EN HÖNNUÐUR
BLAÐNÚMER: 2228-A-200